

afhendingu vélarinnar. Ákvæði í kaupsamningi á dskj. nr. 3, í tölulið nr. 7, veiti stefnda ekki heimild til þess.

• III.

Stefnandi hefur lagt fram kaupsamning, dags. 24. ágúst 1981, undirritaðan af stefnanda og stefnda. Í 7. gr. samningsins segir svo: „Seljandi verður eigandi vélarinnar, þar til síðasti víxillinn er greiddur og getur tekið vélina til sín, ef greiðslufall verður á víxlum, einum eða fleiri.“ Samkvæmt fullyrðingu stefnanda hefur hvorugur víxillinn, sem stefnandi samþykkti sem greiðslu á útborgun vélarinnar, verið greiddur. Féll fyrri víxillinn í gjalddaga 24. október 1981, eða fyrir umsamin afhendingartíma vélarinnar. Með hliðsjón af 7. gr. samningsins verður að líta svo á, að stefndi hafi mátt halda vélinni, þar til umsamin greiðsla hafi farið fram. Þegar af þessum sökum ber að sýkna stefnda af kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Sigríður Ólafsdóttir, settur borgardómari, kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Stálberg h.f., skal vera sýkn af kröfum stefnanda, Svavars Ingibergssonar, í máli þessu.

Málskostnaður dæmist ekki.

Föstudaginn 8. mars 1985.

Nr. 196/1984. **Ákærvaldið**

(Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari)

gegn

Porgils Axelssyni

(Sigurður Georgsson hdl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Magnús Thoroddsen og Þór Vilhjálmsson.

Ríkissaksóknari sem áfrýjaði þessu máli til Hæstaréttar að ósk

ákærða með stefnu 27. júní 1984, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms um sakfellingu samkvæmt ákæru. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 29. janúar 1985.

Við munnlegan flutning fyrir Hæstarétti var lýst yfir því af hálfu ákærða, að það væri ranghermi í rökstuðningi héraðsdóms, að ákærði hefði fyrir milligöngu váttryggingafélags bætt eigenda bifreiðarinnar H 565 að fullu tjón hans. Ákærði hefði engin afskipti haft af því.

Ákærði hefur með aðstoð annars manns gert útreikninga og upprætti í því skyni að leiða rök að sýknukröfu sinni. Um þessi gögn var fjallað af sérfróðum meðdómsmönnum í héraði og hefur niðurstöðu þeirra ekki verið hnekkt.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, 10.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærði, Þorgils Axelsson, greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 10.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Sigurðar Georgssonar héraðsómslögmanns, 10.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Seltjarnarness 31. desember 1983.

Árið 1983, laugardaginn 31. desember, er á dómþingi sakadóms Seltjarnarness, sem háð er í dómsal embættisins að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara ásamt meðdómsmönnum Jóni Bergssyni og Halldóri Hannessyni verkfræðingum, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 2866/1978: Ákærvaldið gegn Þorgils Axelsyni.

Mál þetta, sem dómtekið er í dag, er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 10. desember 1980, höfðað gegn Þorgils Axelsyni byggingartækni-fræðingi, Miðbraut 4 á Seltjarnarnesi, fyrir að hafa laugardaginn 12. ágúst 1978 ekið bifreiðinni R-40410 eftir Norðurlandsvegi um Öxnadalshéiði á

leið til Akureyrar, í stefnu til suð-austurs, án nægjanlegrar aðgæslu á miðjum vegi og án þess að víkja fyrir bifreiðum, sem á móti komu, með þeim afleiðingum, að árekstur varð með bifreið ákærða og bifreiðinni H-565, sem á móti kom.

Telst þetta varða við 1. mgr. 45. gr. og 1. mgr. 47. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er sakhæfur, fæddur 14. des. 1942 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

— — —

I. Gangur málsins.

Með bréfi sýslumanns Eyjafjarðarsýslu, dags. 14. sept. 1978, er bæjarfógetanum á Seltjarnarnesi sent til afgreiðslu skýrsla um umferðarslys nr. 261 á Öxnadalsheiði 12/8 1978, árekstur H-565 og R-40410. 12. okt. 1978 er tekin skýrsla af ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði, og jafnframt var óskað eftir áverkavottorði um ákærða frá slysadeild Borgarspítalans, en er það barst ekki, var beiðnin ítrekuð skriflega 23/4 1979, en áverkavottorð var ekki afgreitt til embættisins fyrr en 28/5 1980, og 10. júní 1980 er málið sent ríkissaksóknara til fyrirsagnar. Með bréfi, dags. 30/6 1980, sendir ríkissaksóknari málið aftur bæjarfógetanum á Seltjarnarnesi og heimilar þar, að málinu verði lokið með dómsátt. Þannig að ákærði greiddi hæfilega sekt vegna brots hans á 1. mgr. 45., 1., 2., og h lið 3 mgr. 49., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40, 1968, sbr. lög nr. 54, 1976. Þann 9. ágúst 1980 kom ákærður fyrir sakadóm Seltjarnarness og var boðið, að málinu yrði lokið með þeim hætti sem ríkissaksóknari heimilaði. Ákærði hafnaði dómsátt, og var málið sent ríkissaksóknara að nýju 14. ág. 1980. Með bréfi, dags. 13/9 1980, sendi ríkissaksóknari sýslumanni Húnavatnssýslu málið með beiðni um skýrslutöku af Kristínu Maríu Jónsdóttur, Strandgötu 13, Hvammstanga, og með bréfi, dags. 31. okt. 1980, sendi ríkissaksóknari bæjarfógetanum á Akureyri málið með beiðni um, að tekin yrði staðfest skýrsla af vitninu Gísla Einarssyni og einnig yrði tekin dómskýrsla af eiginkonu hans. Skýrslutökur þessar fóru fram 19. nóv. 1980, og var málið svo endursent ríkissaksóknara. 10. des. 1980 gaf ríkissaksóknari út ákæru í málinu og sendi málið með bréfi, dags. sama dag, til bæjarfógetans á Seltjarnarnesi með kröfu um, að hann lyki rannsókn málsins og tæki það til dómsálagningar samkv. ákæru. Er birta skyldi ákæruskjalið, kom í ljós, að ákærði var þá til heimilis að Úthaga 7, Selfossi. Með bréfi, dags. 24/2 1981, var málið sent sýslumanni Árneshlíða með beiðni um ákærubirtingu, og var ákæran birt ákærða 2. mars 1981,

og var þingfesting þess ákveðin í sakadómi Seltjarnarness 20. mars s.á. og fór þá fram að ákærða viðstöddum, sem óskaði, að hrl. Jón E. Ragnarsson yrði skipaður verjandi hans, og var hann skipaður verjandi hans í þinghaldi þessu. Ákærði óskaði, að verjandi hans yrði viðstaddur skýrslutöku af honum og málinu því frestað um óákveðinn tíma. Með bréfi, dags. 1/4 1981, var verjanda ákærða sent bréf, þar sem honum var tilkynnt um skipunina og send ljósrít eða afrit af skjölum málsins, en jafnframt var lagt fyrir hann að senda dómáranum bréf um þá framhaldsrannsókn, sem hann óskaði eftir, en við þingfestinguna kom fram hjá ákærða, að af hans hendi yrðu lögð fram frekari gögn í málinu, og var málinu m.a. frestað, meðan þeirra yrði aflað. Í þinghaldi 16. september 1981 lagði verjandinn svo fram greinargerð og athugasemdir ákærða og Holbergs Mássonar og tilkynnti jafnframt, að 3 teikningar yrðu lagðar fram daginn eftir. Skjöl þessi bárust réttinum nokkru síðar, og með bréfi, dags. 14. okt. 1981, er málið sent ríkissaksóknara aftur með þessum nýju gögnum til athugunar. Þann 12. nóvember 1981, endursendi hann svo málið og áréttaði fyrri kröfur í ákæru án kröfu um sérstaka rannsókn vegna þessara gagna né þótti honum ástæða til afturköllunar ákæru vegna þeirra. Strax í byrjun árs 1982 var ákveðið, að rannsókn málsins yrði haldið áfram með skýrslutöku af ákærða, en vegna aðstæðna hjá verjanda ákærða var fyrirtekt frestað þar til 21. apríl s.á., að ákærði kom fyrir dóminn, en þá gat verjandinn ekki verið viðstaddur vegna veikindaforfalla, en skýrslutakan fór eigi að síður fram með samþykki hans, og voru þá lagðar fram teikningar þær, sem verjandinn talaði um í réttarhaldi 16. sept. 1981. Loks þann 7. maí 1982 barst dómáranum bréf frá verjanda ákærða, þar sem hann tiltekur þá rannsókn, sem hann vildi að fram færi. Í framhaldi af því er málið sent bæjarfógetanum á Akureyri 15/7 1982 með beiðni um vitnaleiðslur og að málið yrði svo sent sýslumanni Húnavatnssýslu og af honum yrðu teknar vitnaskýrslur fyrir dómi af vitnum, búsettum á Hvammstanga. Vitnaleiðslan fór fram í sakadómi Akureyrar 28. júlí 1982, og var málið endursent 17/8 1982. Ákærði var viðstaddur vitnaleiðslurnar og ritaði bæjarfógetanum á Akureyri bréf 5/8 1982, þar sem hann fann að því, að ekki skyldi allt hafa verið bókað, sem fram kom í réttarhaldinu, og vildi, að eitt vitnið, Gísli Einarsson, yrði einu sinni enn kallað fyrir dóm vegna þessa. Hann kom þessu og á framfæri við dómara málsins og lagði áherslu á, að úr yrði bætt. Þann 7. okt. 1982 skrifaði dómarrinn bæjarfógetanum á Akureyri bréf og leitaði umsagnar hans um bréf ákærða, og var beið um hrið eftir svarbréfi, og einnig ætlaði verjandi ákærða að ítreka við fógetann að fá svar bréflega, en það dróst, að það bærist, og hefur það ekki borist enn. Sigurður Eiríksson, fulltrúi bæjarfógeta, hafði hinsvegar samband símleiðis við dómarrann og staðfesti þar, að þetta, sem í bréfinu væri greint, kynni að hafa komið fram, en

ekki hefði þó verið um að ræða, að vitnið hefði breytt fyrri framburði, heldur hafi þetta verið viðbrögð við fullyrðingu, sem honum hafi verið lögð í munn og ekki hafi verið bókað um. Hann gaf það í skyn, að hann væri ófús að svara bréfinu. Tafðist málið nokkuð vegna þess, að málið hafði ekki verið framsent sýslumanni Húnavatnssýslu af fógetanum á Akureyri, svo sem um var beðið að vitnaleiðslu þar lokinni. Var það 16. nóv. 1982 sent sýslumanni í Húnavatnssýslu með beiðni um skýrslutöku af tveim vitnum þar búsettum. 18. febrúar 1982 var tekin vitnaskýrsla af Kristínu M. Jónsdóttur, en hitt vitnið var þá flutt til Reykjavíkur, og var málið 28. febrúar 1983 sent sakadómi Reykjavíkur, og þar sem tekin var vitnaskýrsla af því 8. mars 1983 og 9. mars er málið af sakadómi Reykjavíkur sent aftur sýslumanni Húnavatnssýslu og barst þaðan sakadómi Seltjarnarness með bréfi, dags. 14/3 1983, og var það tekið fyrir þar 13. maí 1983, og skyldi þá tekin skýrsla af vitninu Sverri Þórólffssyni, sem ekki mætti, en hann hafði og áður verið kvaddur fyrir dóminn, en ekki sinnt því að mæta. Lögð voru fram í þessu réttarhaldi þau ný gögn, sem þá höfðu borist réttinum, svo sem endurrit dómsrannsóknna og fleira. Nokkru á eftir andaðist verjandi ákærða, og var ekkert aðhafst í málinu um stund, meðan séð yrði, hver tæki við málum hans. Síðla sumars eða um haustið réðst það svo, að hdl. Sigurður Georgsson tók við starfi verjanda í málinu. Dómarinn var þá í veikindaförföllum um nokkra vikna skeið og fór í framhaldi af því í sumarfrí og kom ekki að fullu til starfa aftur fyrr en 21. okt. s.á. Nokkru áður, eða 18. okt. tókst þó að ná vitninu Sverri Þórólffssyni fyrir dóm og taka af því skýrslu, en vitnið er verktaki með verk víða og þráaðist við að mæta og erfitt að ná til þess.

Í nóvember var svo skjölum málsins komið til þeirra tveggja manna, sem eru meðdómendur í máli þessu, og voru þeir að kynna sér þau þar til í byrjun desember, en þá var ætlunin að taka skýrslur af ákærða og Holberg Mássyni um skj. nr. IV-VII, en í þessum mánuði varð verjandi ákærða að vera erlendis tvívegis, og frestaðist skýrslutakan til 28. des. s.á., og var málið svo munnlega flutt í dag, og í beinu framhaldi af því er kveðinn upp í því þessi dómur. Ákærði hefur frá því ákæra var gefin út í málinu fylgst reglulega með gangi málsins, hringt eða talað tvisvar eða oftár á ári við dómarann og þá einkum til að fara fram á, að rannsókn þess yrði hraðað.

II. Málavextir.

Laugardaginn 12. ágúst 1978 varð umferðarslys á Öxnadalshéi um 200 metrum austan við Sesseljúbúð, þar sem rekist höfðu saman bifreiðarnar H-565 og R-40410. Lögreglunni á Akureyri var tilkynnt um slysið símleiðis frá Bægisársímstöðinni kl. 09:15, og fóru Þorsteinn Hallfredsson, lögreglu-

þjónn nr. 2, og Ingólfur Þorsteinsson bifreiðaeftirlitsmaður á staðinn, og einnig fór þangað sjúkrabifreið með lækni. Þar sem áreksturinn varð, var vegurinn beinn og útsýni til beggja átta 1-2 km og ekkert, sem skyggði á, en nokkur lausamöl var á vegköntunum, og voru þeir allháir þarna. Bifreiðin H-565 hafði verið á leið frá Akureyri, en bifreiðin R-40410 á leið til Akureyrar. Við áreksturinn hafði bifreiðin H-565 henst norður af veginum og oltið þar eina og hálfa veltu og svo hafnað þar á þakinu, en bifreiðin R-40410 hafði snúist og var þvert á veginum á hægri hluta hans miðað við ætlaða aksturstefnu hennar. Ökumenn beggja bifreiðanna höfðu slasast og voru fluttir í sjúkrabifreiðinni á sjúkrahúsið á Akureyri. Ökumaður bifreiðarinnar H-565 var Inga Margrét Guðmundsdóttir, Lækjargötu 10, Hvammstanga, og var strax gert að sárum hennar og einnig farþega í bifreið hennar, Kristínar Maríu Jónsdóttur, Strandgötu 13, Hvammstanga, en þær voru báðar nokkuð skrámaðar.

Ökumaður H-565, Inga Margrét, skýrði tildrög árekstursins svo fyrir lögreglumanninum, sem kom á staðinn, að hún hefði ekið bifreið sinni vestur Öxnadalshéiðarveg og hraði bifreiðarinnar verið 60-70 km miðað við klukkustund og hún þá séð til ferða tveggja bifreiða og fært bifreið sína út á hægri kant vegarins til þess að mæta bifreiðum þessum, en er hún hafi verið að mæta fremri bifreiðinni, R-40410, hefði bifreiðinni að því er henni virtist verið sveigt yfir á vinstri helming götunnar og allharður árekstur orðið milli bifreiðanna og bifreið hennar þá oltið norður af veginum og hafnað á þakinu. Miklar skemmdir urðu á báðum bifreiðunum, sem voru óökuhæfar og taldar ónýtar eftir.

Sá, sem fyrstur kom að eftir áreksturinn, var Gísli Einarsson, Engimýri 10, Akureyri, sem var ökumaður bifreiðar, sem ekið var á eftir bifreið ákærða.

Þorsteinn Hallfredsson lögreglumaður gerði afstöðumynd af vettvangi, sem lögð hefur verið fram í málinu, merkt dskj. nr. 3.

Ingólfur Þorsteinsson bifreiðaeftirlitsmaður skoðaði bifreiðarnar, sbr. skýrslur hans þar um, dskj. nr. 6 og 7, en af þeim verður ekki ráðið, að neitt hafi verið að öryggisbúnaði bifreiðanna fyrir áreksturinn.

Tekið var blóðsýni úr ökumönnum beggja bifreiðanna, en við alkóhól-ákvörðun með gasgreiningu á súlu fannst ekkert alkóhól í þeim.

Samkvæmt vottorði Hauks Árnasonar læknis urðu meiðsli ákærða og afleiðing þeirra þessi:

„Hinn 12/8 1978, kl. 16.20, kom með sjúkrabifreið í Slysadeild Borgarspítalans maður, er kvaðst heita ofanskráðu nafni. Hann greinir svo frá,

að fyrr þann sama dag hafi hann lent í umferðarslysi á Öxnadalsheiði, er bifreið hans lenti í árekstri við aðra bifreið þar á heiðinni. Eftir slysið vankaðist Þorgils verulega og vissi vart hvað skeði.

Var fluttur í sjúkrahúsið á Akureyri og voru þar staðfest rifjabrot á III. og IV. rífi vi. megin, en einnig brot á hnéskeljum, en auk þess hafði hann sár á höfði. Þessu sári var lokað á Sjúkrahúsinu á Akureyri en síðan var sjúkl. talinn vera í það góðu ástandi skv. læknaþréfi þaðan, að læknar á Akureyri ákváðu að senda hann til áframhaldandi meðferðar hér á Slysadeild Bsp.“

— — —

Ákærði skýrði frá atvikum að árekstrinum þann 12. okt. 1978 hjá rannsóknarlögreglu Seltjarnarness, Hafnarfirði, og hér fyrir dómi 21. apríl 1982. Um kl. 00:30 aðfaranótt laugardagsins 12. ágúst 1978 hafði hann farið á bifreið sinni, R-40410, frá Reykjavík, var ferðinni heitið til Akureyrar. Með honum var í bifreiðinni dóttir hans, Helga Rakel, 7 ára, sem svaf í aftursæti bifreiðarinnar. Hann kom að Varmahlíð í Skagafirði laust fyrir kl. 08:30, þar sem hann tók bensín á bifreiðina, og hélt svo ferðinni áfram um kl. 08:45-08:55. Þá hafi verið logn, mikill hiti, 20-25°C og sólskin. Hann hafði ekið greitt í Skagafirðinum, þar til vegurinn var í austlæga stefnu, þá hafi hann dregið verulega úr ferð vegna sterkrar sólar og eftir það ekið á 45-50 km hraða m/v klst. Hann hafði þá séð, að á eftir hans bifreið kom bifreið, sem dró bifreið hans uppi, og hann séð, að skrásetningamerki þeirrar bifreiðar var A-1470. Bifreið þessi hafði verið mjög nálægt honum um tíma og gefið merki, ákærði þá farið mikið út í hægri kant og hægt ferðina, en hinn bifreiðastjórinn hafði ekki notfært sér þetta tækifæri. Þetta hafði gerst um 5-10 km áður en hann kom að slysstað. Ákærði hafði svo haldið áfram á sama hraða, uns vegurinn breyttist og hann kom á nýja veginn á Öxnadalsheiði yfir svonefndan Flóa, en þar var vegurinn mikið upphækkaður með mikilli lausamöl og eins og kornaðri, sama malarstærð og í rúllumöl. Hann hafði þá dregið enn meira úr ferðinni, þar sem bifreiðin lét illa að stjórn, og tvívegis á þessum upphækkaða kafla var hann næstum búinn að missa bifreiðina út af hægra megin, sem einnig var vegna sólbirtu, en sól var lágt á lofti, en samt var hann með sólskyggnið niðri og með flexe-sólgleraugu. Hann hafði þó séð nokkuð vel fram undan sér og mætt bifreið, stuttu áður en hann kom á þennan vegar-kafla, og mætingin gengið vel. Hann hafði svo haldið akstrinum áfram og jafnframt fylgst með í baksýnispeglinum, að bifreiðin sem á eftir var, var ekið með sama hætti og hans. Er ákærði átti eftir nokkurn spöl að slysstað, 1000 m eftir því sem hann bar hjá rannsóknarlögreglu, en 300 m eftir því sem hann bar hér fyrir dómi, hafði hann séð bifreið koma á móti sér. Hann hafði haldið áfram akstri á sama hraða 45-50 km m/v klst.,

en mætingin orðið fyrr en hann bjóst við. Honum hafði í fyrstu ekkert fundist athugavert við akstur bifreiðarinnar, nema að honum hafði fundist sem henni væri ekið á talsvert mikilli ferð, sem hann hafði undrast yfir, vegna þess að henni hafði nýlega verið ekið upp brekkur hjá Bakkaseli og hann ekki átt von á, að hún væri búin að ná þetta mikilli ferð eftir það. Hann hafði svo litið í baksýnispegilinn til að athuga með bifreiðina, sem var á eftir, hvar hún væri, en vegna þess hve sól var lágt á lofti óttaðist hann, að ökumaður hennar gæti blindast af sólinni og ekið bifreiðinni á bifreið ákærða. Er ákærði hafði svo litið af baksýnispeglinum, hafði bifreiðin, sem á móti kom, ekið 2-3 billengdum frá bifreið hans og ökumaður hennar verið stífur við stýrið og með lokuð augu og ekki gert neina tilraun til að færa bifreið sína til hægri, en hún hafi verið a.m.k. 1½ m frá sinni hægri vegarbrún eða á miðjum veginum. Bifreið hans hafði látið illa á veginum, og taldi hann það hafa getað verið orsök fyrir þessari hegðun hins bifreiðarstjórans. Hann hafði séð fram á, að bifreiðarnar myndu skella saman, og til að koma í veg fyrir það, hafði hann ætlað að sveigja bifreið sinni til hægri og út af veginum, en hún hafi þá verið á hægra vegarhelmingi miðað við stefnu hennar. Þá höfðu verið 4-5 metrar á milli bifreiðanna og um leið og hann var búinn að leggja á bifreiðina til hægri, höfðu bifreiðarnar rekist saman, þannig að bifreiðin, sem á móti kom, hafði ekið á vinstra framhorn bifreiðar hans, og hafði frambretti hennar við það farið af í heilu lagi, vinstra framhjól hennar undir hvalbak og áfram inn í hurðalista, sem hafði bagnað og færst 15-20 sentimetra í sæti ökumanns. Við þetta hafði mælaborðið keyrst í fæturna á honum, en um leið hafði hann kastast upp úr sætinu á stýrishjólið og framrúðuna, og lent með vinstri augabrún á gluggakarminn vinstra megin. Vinstri fóturinn hafði fest undir kúplingspetalanum, þar sem hann var fastur með fótinn, hafði hann fallið fram á vélarhúsið, og einnig hafði bifreiðin, sem á móti kom, ýtt inn hlið eða hurð bifreiðar hans um 50 cm, svo að hann hafði lent með vinstri síðuna á hurðina og við það rifbeinsbrotnað og skorist á upphandlegg. Hann hafði orðið var við, að bifreið hans snerist á veginum í um rúmar 90° og svo stöðvast í beinu framhaldi af því um 6 metrum frá akstursstað, en hin bifreiðin hafði haldið áfram stjórnlaust, farið út af veginum og hvolft, og fullyrti hann að hún hefði verið á 60-70 km hraða, er áreksturinn varð. Dóttir hans, sem var sofandi í aftursæti bifreiðarinnar, hafði henst til í aftursætinu, en þar sem hún hafi verið skorðuð innan um rúmföt, hafi hún ekki kastast fram í bifreiðina, en þó hafði hún tagnað í baki. Ákærði hafði ekki haft neitt svigrúm til að hemla fyrir áreksturinn og var þess fullviss, að hinni bifreiðinni var heldur ekki hemlað fyrir áreksturinn. Ákærða var sýndur framl. úrdráttur (sic) af vettvangi, sem hann kvað í meginatrið-

um réttan, en þó hafi bifreiðin H-565 verið meira samsíða veginum og þá með framhlutann í austurátt.

Ökumaður bifreiðarinnar, Inga Margrét Guðmundsdóttir bankastarfsmaður, Lækjargötu 10, Hvammstanga, f. 18/2 1960, hefur borið vætti í málinu fyrir dómi.

Vitnið skýrir svo frá, að það hafi lagt af stað frá Akureyri fyrir kl. 08:00 að morgni þess 12. ágúst 1978 á bifreiðinni H - 565, og var ferðinni heitið til Hvammstanga. Með henni í bifreiðinni var vinkona hennar, Kristín María Jónsdóttir. Ók hún bifreiðinni á ca 60 km hraða, en dró úr ferðinni, er hún ók upp brekku á Öxnadalshéðinni, og þegar hún var komin upp á hæðina, sá hún til ferða tveggja bifreiða í fjarlægð, en hversu langt framundan þær voru, kveðst hún ekki þora að fullyrða, en sér hafi gefist nægur tími til að draga úr ferðinni og búa sig undir að mæta bifreiðunum. Hún hafi ekið bifreiðinni alveg út í hægri vegkant, eins utarlega og unnt var út í kantinn. Sá hún þá, að bifreiðarstjóri fremri bifreiðarinnar tók stefnuna á bifreið hennar, og ók hann bifreiðinni inn á vinstri helming götunnar, og var því árekstur óumflýjanlegur, þar sem bifreiðin, sem á móti henni kom, var ekið á hennar vegarhelmingi. Vitnið segir, að hraði bifreiðar sinnar hafi ekki verið meiri en 20-30 km, þegar áreksturinn varð, en hvort bifreiðarstjórinn, sem á móti kom, dró úr ferð sinnar bifreiðar kveðst vitnið ekki þora að fullyrða um. Ítrekað aðspurt segir vitnið, að það hafi vikið bifreið sinni út í vegkantinn eins langt og því var unnt og hafi bifreið vitnisins því alls ekki verið á miðjum vegarhelmingi eða inni á akrein fyrir umferð, sem á móti kom.

Vitninu er bent á framburð ákærða hjá rannsóknarlögreglunni í Hafnarfirði þann 12. október 1978 varðandi það, að vitnið hafi ekki gert neina tilraun til að færa bifreið sína til hægri og hafi verið stíf við stýrið og með lokuð augu, og segir vitnið, að þetta sé alls ekki rétt, þar sem það hafi verið vel vakandi og hafi verið búið að víkja alveg út í hægri kant, þegar áreksturinn varð, enda hafi það löngu fyrir áreksturinn ekið einvörðungu á hægri akrein og haft nægilegan tíma til að víkja vel út í vegkantinn, áður en bifreiðarnar mættust. Fullyrðir vitnið, að bifreið ákærða hafi verið ekið inn á sinn vegarhelming og því hafi það ekki haft möguleika á að afstýra árekstri, janfvel þótt það hefði verið búið að aka bifreiðinni alveg út í vegkantinn.

Vitninu var sýnd afstöðuteikning af vettvangi, og ber það um þetta atriði á sama hátt og í skýrslu sinni fyrir Matthíasi Einarssyni varðstjóra hjá lögreglunni á Akureyri. Vitninu er enn fremur sýnd í dóminum stækkuð mynd af afstöðumynd af vettvangi, og kveðst það ekki frekar geta tjáð sig um staðsetingu bifreiðar sinnar eftir áreksturinn en það hefur þegar gert, þ.

e. að afstöðumynd lögreglu af vettvangi væri rétt að öðru leyti en því, að því hafi fundist, að framendi bifreiðar þess hafi snúið meir til austurs. Vitnið kvaðst hafa sloppið með skrámur á vinstri handlegg, enni og tvo skurði á vinstri fæti.

Vitnið Kristín María Jónsdóttir húsmóðir, Hjallavegi 8, Hvammstanga, fædd 10/7 1960, kvaðst hafa verið farþegi í bifreiðinni H-565, sem hafi verið á leið frá Akureyri til Hvammstanga í ágúst 1978. Það hafi verið í bifreiðinni ásamt Ingu M. Guðmundsdóttur, sem hafi verið ökumaður bifreiðarinnar, og þetta hafi verið snemma morguns og bifreiðinni verið ekið á 60-70 km hraða m/v klst. Þegar bifreiðin hafi verið rétt hjá Sesseljubúð á Öxnadalshéiði hafi komið á móti þeim bifreiðin R-40410. Vitnið kvað ökumann H-565 þá hafa dregið úr ferð bifreiðarinnar, vikið út í hægri vegarbrún og ekið áfram, en bifreiðin R-40410 hafi komið eftir miðjum vegi og ökumaður hennar ekki gert neina tilraun til að færa hana út á sinn vegarhelming og árekstur orðið, þannig að bifreiðin H-565 hafi oltið út af veginum.

Vitnið Gísli Einarsson verkstjóri, Furulundi 13E, Akureyri, fætt 24/4 1923, kvaðst hafa verið á leið til Akureyrar á bifreið sinni, A-1470, og hafa ekið stutt á eftir bifr. R-40410, þegar áreksturinn varð, og hafa verið búíð að aka á eftir bifreiðinni nokkuð lengi. Bifreiðinni hefði ekki verið ekið hratt, eða ca 60 til 65 km hraða.

Það sagði, að skömmu áður en áreksturinn varð, hefði það séð bifr. H-565 koma á móti og þá furðað sig á því, að ökum. R-40410 hefði ekið miðjan veginn og ekkert vikið. Það sagði, að áður en áreksturinn varð, hefði það haft orð á þessu við konu sína, sem hefði verið í bifreiðinni með því.

Bifreiðarnar hefðu síðan rekist saman af miklu afli. Þá hefði bifr. H-565 verið vel út á hægri vegarbrún miðað við akstursstefnu þeirrar bifreiðar, en R-40410 verið á miðjum vegi. Við áreksturinn hefði bifr. H-565 kastast út af veginum og stöðvast á hvolfi utan vegar, en R-40410 hefði stöðvast á veginum án þess að velta. Um hraða á H-565 kvaðst vitnið geta lítið sagt, en því hefði ekki fundist hann neitt óeðlilegur.

Vitnið sagði, að þarna hefði verið auðvelt að mætast og hann hefði enga skýringu á þessum árekstri nema þá helst, að ökum. R-40410 hefði sofnað við aksturinn og því ekki gert neina tilraun til að víkja. Það kvaðst ekki hafa orðið vart við að ökum. R-40410 æki óeðlilega, áður en áreksturinn varð, nema þá helst, að hann hefði alltaf verið á miðjum vegi.

Vitnið sagði, að strax eftir áreksturinn hefði hann farið í Sesseljubúð og beðið um sjúkrabifreið, lögreglu og lækni. Síðan hefði það farið á slystað og reynt að hlynna að hinum slösuðu eins og hægt hefði verið.

Vitnið sagðist hafa ekið á eftir bifreiðinni R-40410 frá Varmahlíð í

Skagafirði og allt þar til áreksturinn varð.

Vitnið sagðist hafa dregið þessa bifreið uppi tvisvar sinnum, áður en slysið varð. Vitnið sagði, að bifreiðinni R-40410 hefði oft verið ekið á miðjum veginum. Vitnið sagðist skömmu fyrir áreksturinn hafa ekið nokkrar bíllengdir á eftir R-40410. Vitnið sagði, að hraði bifreiðarinnar R-40410, þ.e. 60-65 kílómetrar miðað við klukkustund, hefði verið mesti hraði, en oft hafi verið ekið hægar. Vitnið gat ekki dæmt um hraðann við áreksturinn.

Vitnið Guðbjörg Sigurðardóttir húsmóðir, Furulundi 13E, Akureyri, fætt 25. nóv. 1920, kvaðst hafa séð bifreiðina R-40410, sem ók á undan þeim hjónum í greint sinn. Vitnið sagði, að bifreiðinni hefði aldrei verið ekið meira en á 60-70 km hraða á klst.

Vitnið sagði, að bifreiðin R-40410 hefði verið ekið frekar innarlega á veginum, en ekki alveg á miðjum veginum nema annað slagið.

Vitnið sagði, að nokkru fyrir áreksturinn hefði það séð bifreið koma á móti R-40410, og sagði, að það hefði getað fylgst með þeirri bifreið í drjúga stund, en vitnið sagði, að slysið hefði orðið á jafnsléttu.

Vitnið sagði, að skömmu seinna hefðu þau hjón talað saman, þar til allt í einu að Gísli Einarsson sagði við vitnið „sjáðu hvað er að ske“, en þá kvaðst vitnið hafa litið fram fyrir og séð bifreiðarnar skella saman. Vitnið gerði sér ekki grein fyrir, hvort billinn, sem á móti kom, átti í vandræðum með að komast framhjá R-40410, enda sagði vitnið, að bifreið þeirra hjóna hefði verið drjúgan spöl fyrir aftan R-40410. Vitnið sagði, að bifreiðin, sem á móti kom, hefði tekist á loft og lent á þakinu töluvert langt utan vegar, en R-40410 hafi staðið áfram á veginum, en þversum og með aftur hjólin út fyrir brautina. Vitnið staðfestir, að afstöðumynd af vettvangi, dags. 12. ágúst 1978, sé rétt. Vitnið gat ekki sagt til um stöðu bifreiðanna á veginum við áreksturinn.

Vitnið Þorsteinn Hallfredsson lögregluþjónn, Gránufélagsgötu 28, Akureyri, fætt 8/10 1933, var sýnd afstöðumynd af vettvangi, dags. 12/8 1978, og staðfesti hana rétta og kannast við undirskrift sína á hana. Vitnið sagði, að um fjögur ár séu liðin frá því að málið gerðist. Vitnið sagði, að örvar í vegkanti og í átt að bifreiðinni B á teikningunni merki feril bílsins út af veginum. Vitninu var sýnd uppstækkuð teikning af árekstursstað og spurt um það, hvort samræmi væri á milli afstöðuteikningar og þessarar teikningar. Vitnið sagðist halda sig við frumteikninguna og kvaðst ekki svara því á annan hátt. Þegar talað væri um ferilsför, þá sé átt við bifreiðina H-565.

Vitnið Ingólfur Helgi Þorsteinsson bifreiðaeftirlitsmaður, Brekkugötu 41, Akureyri, fætt 6. mars 1934, sagði, að hlutverk sitt í greint sinn hafi verið að skoða bifreiðarnar eftir áreksturinn eftir beiðni lögreglunnar. Vitnið sagði, að hlutverk þess væri að skoða í hvaða ástandi bifreiðar væru,

en annað kvaðst vitnið ekki gera. Vitnið kvaðst skrifa niður punkta við skoðun bifreiðarinnar og þeir punktar væru notaðir í skýrslugerð. Vitnið staðfestir undirskrift sína á skoðunarskýrslu á bifreiðunum H-565 og R-40410 frá 12. ágúst 1978. Ákærði lagði fram tvær ljósmyndir að því er hann sagði af bifreiðinni R-40410 og spurði, hvort hér væri um að ræða þær skemmdir, sem sagt er frá í skýrslum vitnisins. Vitnið sagði myndirnar það óskýrt teknar, að það treysti sér ekki til að svara. Dómarinn bendir vitninu, sem er opinber embættismaður, á 92. gr. laga nr. 74. 1974 um meðferð opinberra mála. Vitnið sagði, að setningin „mjög mikið skemmd að framan eftir áreksturinn“ þýði, að skemmdir geti verið aftur að miðju bílsins R-40410.

Vitnin Kristín María Jónsdóttir, Gísli Einarsson og Guðbjörg Sigurðardóttir staðfestu öll framburði sína með eiði eða drengskaparheiti, sbr. 100. gr. laga nr. 74. 1974.

Þá hefur og borið vætti í málinu Sverrir Þórólfsson, Þingholtsbraut 58, Kópavogi, fætt 16. júlí 1950.

Vitnið kvaðst á þessum tíma, sem slysið varð, hafa verið með verkefni fyrir Hitaveitu Akureyrar og ákærði hafi unnið hjá því sem tæknifræðingur. Það kvað ákærða hafa farið daginn fyrir slysið með flugvél til Reykjavíkur og ætlað að sækja fjölskylduna og koma akandi norður. Fyrirhugað hafi verið, að hann mætti til vinnu næsta dag á eftir eða þarnaæsta dag.

Morguninn eftir hafði það gerst, að menn frá sjúkrahúsinu hafi komið til þess á vinnusvæði þess og látið það vita, að ákærði væri þar slasaður eftir umferðarslys. Vitnið kvaðst hafa farið strax á sjúkrahúsið og haft tal af ákærða, en hafi lítið getað rætt við hann, þar sem ákærði var vegna aðgerðar undir áhrifum deyfilyfja og illa haldinn eftir slysið.

Vitnið kvaðst og hafa hitt þarna fyrir stúlku sem reyndist vera ökumaður hinnar bifreiðarinnar, sem lenti í greindu umferðarslysi.

Vitnið kvaðst nú óljóst muna, hvað þeim fór á milli, en minnir þó, að fram hefði komið hjá stúlkunni, að hún hefði verið að koma úr veislu og á leið heim til sín, er hún lenti í slysinu, og verið syfjuð og illa fyrir kölluð.

Þá hafi hún tekið fram, að hún teldi, að rétt fyrir áreksturinn hafi bifreið ákærða verið sveigt í veg fyrir bifreið hennar, en ekki hafi þó komið skýrt fram, hvernig bifreið hennar hafi verið á veginum né hvort hún var á mikilli eða lítilli ferð, en þó eins og komið fram hjá henni, að hún hafi tekið eftir bifreið ákærða fyrir áreksturinn, en hún ekki séð neitt óeðlilegt við akstur hennar.

Vitnið sagði, að stúlkann hefði ekki gert sér fullkomlega grein fyrri, hvernig atburðarásin að árekstrinum varð, en hún hafi þó talið sig hafa dregið úr ferð, áður en hann varð, en er bifreið ákærða hafi sveigt að

hennar bifreið, hafi hún orðið stjörf og viðbrögð hennar hafi þá orðið þau, að hún hafi ekki vikið til hliðar, heldur haldið stefnu sinni.

Vitnið var spurt um ástand stúlkunnar og kvað það hana hafa verið miður sín og í uppnámi, þreytuleg og með skrámur (sic), en ekki hafi hann merkt, að hún væri undir áhrifum vímugjafa.

Vitnið sagði, að á þessum tíma hefðu þeir, sem unnu hjá því, unnið fram til ca. kl. 22:00 á kvöldin, þ. á m. ákærði.

Í skýrslu lögreglunnar í Kópavogi, sem tekin var af Sverri fimmtudaginn 8. febrúar 1978 á það líklega að vera 1979 (sic), kemur fram, að stúlkann, sem var ökumaður H-565, hafi tjáð honum, að hún hafi lokað augunum, þegar hún sá bifreiðina R-40410 koma á móti sér á miðjum veginum og sá að hverju stefndi, skömmu áður en áreksturinn varð, en ekki hafi hún nefnt sekúndufjölda eða vegalengd (að hinni bifr.), er hún lokaði augunum fyrir árekstrinum.

Í málinu hafa verið lagðar fram 3 stækkaðar afstöðumyndir af slysstað og inn á þær teiknaðar bifir. H-565 og R-40410 og hvernig áreksturinn hafi orðið samkv. útreikningum og ályktun höfunda teikninganna, sem eru ákærði og Holberg Músson kerfisfræðingur, Tjarnargötu 10, Reykjavík. Einnig hefur verið lögð fram greinargerð og athugasemdir með útreikningum og ályktunum sömu manna, og eru skjöl þessi merkt dskj. nr. IV-VII. Með teikningum þessum og útreikningum er reynt að sýna fram á, að áreksturinn hafi ekki orðið með þeim hætti sem í ákæru greinir.

Ákærði og Holberg Músson komu báðir fyrir dóm 29. desember sl. Voru þá nánar spurðir um gögn þessi, á hverju þeir hefðu byggt, hverjar væru forsendur niðurstaðna þeirra o.s.frv., og eru þær fræðilegu útlistanir, sem fram komu í réttarhaldi þessu, í endurriti dómsrannsóknar, og verða þær ekki raktar hér, heldur er vísað til endurritsins.

Niðurstöður.

Að áliti hinna sérfróðu meðdómenda eru skýrsla, teikningar, útreikningar og lokaályktun á dskj. nr. IV-VII ekki studdar nægilegum rökum til að sanna, að atburðarásin við framangreindan bifreiðaárekstur á Öxnadalshéiði 12. ágúst 1978 hafi orðið með þeim hætti er þar er fram sett.

Rétturinn í heild telur því gögn þessi ekki verða lögð til grundvallar niðurstöðu í málinu og hreki þau ekki framburð vitna og önnur sönnurgögn málsins.

Með vætti vitnanna Gísla Einarssonar, Kristínar Maríu Jónsdóttur og Ingu Margrétar Guðmundsdóttur er nægilega í ljós leitt, að bifreiðinni H-565 var ekið á hægri vegarhellingi miðað við aksturstefnu bifreiðarinnar frá því nokkru fyrir og þangað til framangreindur árekstur varð. Sú fullyrð-

ing ákærða, að bifr. H-565 hafi verið á miðjum veginum, er áreksturinn varð, fær ekki stoð í gögnum málsins.

Hins vegar er sannað með vætti vitnanna í málinu, að bifreiðinni R-40410 var ekið á miðjum veginum, er áreksturinn varð, og þá að hluta á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu hennar, sem fær og stoð í vettvangsuppdrætti, sem sýnir glerbrot úr bifreiðinni á vinstri vegarhelmingi miðað við stefnu R-40410, en lítið eða ekkert á hægri vegarhelmingi. Þá liggur fyrir, að í akstri sínum þónokkra stund áður en áreksturinn varð, ók ákærði bifreið sinni innarlega á veginum og annað slagið á miðjum veginum. Þetta fær og stoð að vissu marki í framburði ákærða sjálfs, sem kveðst hafa tvívegis verið nær búinn að missa bifreiðina út af veginum vegna lausamalar í vegjaðrinum, og þessu og valdið, að sól hafi verið lágt á lofti og hann fengið sólbirtu í augun, sem skýrir vel, að ákærði haldi bifreiðinni meir á miðjum vegi, sem ekki telst óvanalegt við þessar aðstæður. Þá ber og að líta til þess, að hann er vansvefta eftir akstur alla nóttina auk þess sem hann hafði unnið mikið undanfarið, fram til kl. 10:00 hvert kvöld, sem bendir til, að hann gæti hafa verið sljór af þreytu, en þrátt fyrir að ákærði hafði séð bifreiðina, sem á móti kom, jafnvel í meir en 300 metra fjarlægð áður en áreksturinn varð, reiknar hann ekki með henni svo snemma, en hefur aðaláhýggjurnar af því, að ökumaður bifreiðarinnar, sem á eftir kom, kynni að blindast af sólinni og aka á bifreið hans.

Ljóst er því, að áreksturinn verður með þeim hætti, að ákærði ekur bifreið sinni, R-40410, á miðjum veginum vegna slæmra aðstæðna, lausamöl á hægri vegjaðri og sólbirtu, en sól var lágt á lofti, en vegna þess að hann misreiknar fjarlægð og ef til vill hraða bifreiðar H-565, sem hann hafði séð koma á móti nokkru áður, hafði hann ekki náð að víkja bifreiðinni nægjanlega til hægri, svo að hún lenti á bifreiðinni, sem á móti kom, með þeim afleiðingum, að hún hafnaði utan vegar. Með þessum akstri hefur ákærði gerst sekur um þá háttsemi, sem greind er í ákæru og brotið þar greind refsíákvæði.

Í málinu hefur einnig verið krafist sýknu á þeim grundvelli, að sök væri fyrnd, þar sem tvö ár hafi verið liðin, er ákærði hafi verið tekinn fyrir í sakadómi Seltjarnarness sem sökunaður og boðin dómsátt í málin 9. september 1980 og eigi ákærði að njóta hagræðis laga nr. 20. 1981, sbr. 2. gr. alm. hegnl. nr. 19, 1940.

Rétturinn getur fallist á, að ákærði njóti hagræðis greindra laga, þó að ekki verði séð, að þar sé reginmunur m/v eldri lög, sem og gera ráð fyrir, að fyrningarfrestur stöðvist, er rannsókn hefst gegn sökunauti fyrir dómi. Hinsvegar er ljóst í málinu, að ákærði kom fyrir dóm laugardaginn 9. ágúst 1980, en þá voru ekki liðin 2 ár frá framningu brotsins. Þetta sést af merkingu framlagðra skjala, sem eru merkt 9/8 '80 í sakadómsbók nr. 96, er

næsta sátt á undan gerð 8. ág. 1980, og næsta á eftir 11. ágúst 1980, 9. ágúst er laugardagur, en 9. september er þriðjudagur, og málið er sent ríkis-saksóknara aftur til fyrirsagnar, eftir að dómsátt er hafnað 12. ág. 1980. Hér er því augljóst, að september er misritun, og hefur þarna átt að standa 9. ágúst.

Eftir útgáfu ákæru og þingfestingu málsins verður ekki talið, að sök hafi fyrnst í málinu, hefur verið á þessum tíma í framhaldsrannsókn og tafir, sem á því hafa orðið ekki síst verið að beiðni ákærða eða vegna veikinda-forfalla og síðar andláts verjanda hans, en ákærði haft tvisvar eða oftár á ári samband við dómara málsins og verið ljóst (sic), að málið var í rann-sókn. Krafan um sýknu á þessari forsendu er því ekki tekin til greina.

Þegar litið er til þess, hversu afleiðingar brotsins hafa komið þungt niður á ákærða, og vegna þess, hve hann slasaðist illa, var hann allt að ári frá vinnu, auk þess sem bifreið hans eyðilagðist, en ákærði hefur hins vegar fyrir milligöngu váttryggingafélags, þar sem bifreið hans var tryggð, bætt eiganda bifr. H-565 að fullu hans tjón, sem aftur hefur valdið því, að á hann hefur fallið að greiða sjálfsáhættufé vegna tjónsins, auk þess sem trygg-ingariðgjaldið hefur líklega hækkað, þykir ekki vera ástæða til að gera ákærða refsingu í máli þessu.

Dæma ber ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin máls-varnarlaun til skipaðs verjanda, hdl. Sigurðar Georgssonar, sem ákveðast kr. 9.000,00, og er þar inn í talin þóknun vegna starfa hrl. Jóns E. Ragnars-sonar.

D ó m s o r ð:

Ákærða, Þorgils Axelssyni, er ekki gerð refsing í máli þessu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnar-laun til skipaðs verjanda, hdl. Sigurðar Georgssonar, krónur 9.000,00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.